



FUNDARGERÐ

**3. fundur Vatnsveitu Rangárbæingur ytra og Ásahrepps
haldinn á Laugalandi , miðvikudaginn 29. mars 2023
og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson, Klara Viðarsdóttir og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Lagt var til að bæta dagskrálið um staðfestingu framkvæmdastjóra sem fyrsta lið á dagskrá. Færast aðrir liðir til sem því nemur.

Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir liðum 2-3.

Dagskrá:

1. Staðfesting á framkvæmdastjóra - 2303087

Tillaga um að sveitarstjóri Rangárbæingur ytra Jón G Valgeirsson verði framkvæmdastjóri Vatnsveitu Rangárbæingur ytra og Ásahrepps bs. kjörtímabilið 2022-2026

Samþykkt samhljóða.

2. Gjaldskrá Vatnsveitu 2022. - 2209085

Farið var yfir gjaldskrá Vatnsveitu Rangárbæingur ytra og Ásahrepps.

Lagt er til að farið verði í endurskoðun gjaldskrár

Sveitastjórum og forstöðumanni Eigna- og framkvæmdasviðs falið að vinna það og leggja fram tillögu á næsta fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningur Vatnsveitu 2022 - 2303067

Kynntar niðurstöður ársreiknings ársins 2022.

Kynntur var endurskoðaður ársreikningur Vatnsveitu Rangárbæingur ytra og Ásahrepps bs. að viðbætti skýringu fyrir árið 2022. Rekstraniðurstaða veitunnar var neikvæð um 0,8 milljónir.

Fjárfesting ársins var 22,7 millj.

Ársreikningur 2022 var borinn undir atkvæði til samþykktar og var samþykktur samhljóða og áritaður.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "KTHG" and "PI".

4. Fjárfesting Vatnsveitu Rangárbings y. og Ásahrepps 2023 - 2303068

Farið yfir stöðu framkvæmda ársins 2023

THT fór yfir stöðu framkvæmda við nýlögn frá Suðulandsvegi niður Bugaveg og frá Bjólu niður með Þykkvabæjarvegi.

Stjórnin leggur til að gerð verði verðkönnun hjá 3-5 aðilum til að sjóða saman lögn og plægja niður. Vatnsveita Rangárbings ytra og Ásahrepps leggur til lagnaefni í þessa framkvæmd.

Samþykkt samhljóða.

5. Málafni vatnsbóla og dæluhúsa - 2303069

Tekið fyrir erindi eigenda Maríuvalla varðandi aðkomu að vatnsbóli í Traðarholti.

Sveitastjóra og/eða THT falið að ræða við viðkomandi.

Samþykkt samhljóða.


6. Yfirlit frá veitustjóra - 2005018

THT fór yfir stöðu daglegs reksturs veitunnar. Vatnstankurinn í Fögrubrekku hefur sannað gildi sitt og hefur ekki orðið vatnsþurrð hjá notendum í vetur þrátt fyrir nokkuð meiri notkun.

Stjórn Vatnsveitunnar hvetur notendur til að fylgjast með lekum og óheftu vatnsstreymi nú þegar frosti linnir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Þráinn Ingólfsson


Eydis Þ. Indriðadóttir



